



Fréttabréf félagsmiðstöðvarinnar Borgyn
febrúar 2012

Kæru foreldrar/forráðamenn. Gífurlega mikið er að gerast á næstu vikum og mánuðum á vegum félagsmiðstöðvarinnar. Töluvert verður um viðburði sem verður rukkað í og gerum við ekki ráð fyrir að allir taki þátt í öllu sem er í boði. Því biðjum við ykkur að ræða við unglingana ykkar og fá þau til að velja það sem þeim finnst mest spennandi.

Á DÖFINNI

SamFestingurinn 2. - 3.mars. Í síðasta fréttabréfi bentum við ykkur á að SAMFÉS-hátíðin væri á döfinni en tölum nú um SamFestinginn. Þetta er nákvæmlega sama fyrirbærið, nafninu var bara breytt í millitíðinni. Nú munum við ávallt tala um SamFestinginn í stað SAMFÉS-hátíðar.

Skíðaferðaklúbbur Borgyn. Félagsmiðstöðin Borgyn ætlar að fara í skíðaferð til Akureyrar ásamt félagsmiðstöðvunum Nagyn og Sigyn 17. – 18. mars. Óskað verður eftir skráningum í Skíðaferðaklúbb og mun klúbburinn standa fyrir fjáröflunum og verkefnum tengdum ferðinni. Auglýsingar og nánari upplýsingar birtast á allra næstu dögum.

Stráka- og stelpuviðburðir. Unglingarnir ákváðu að í stað stelpu- og strákaklúbba skyldu vera sérstakir viðburðir fyrir stráka og stelpur hálfsmánaðarlega. Því mun annað hvert fimmtudagskvöld bjóða upp á dagskrá þar sem strákar og stelpur eru aðskilin.

Mánudagssmiðjur. Einu sinni í mánuði býður Borgyn upp á smiðjur á mánudögum. Stefnt verður að því að bjóða upp á eina smiðju kl. 17.00 – 19.00 og aðra frá kl. 20.00 – 22.00. Athugið að í dagskrá mánaðarins er smiðjuvika en það er einstakt tilfelli og því ekki það sama og mánudagssmiðjurnar.

ÁBENDING

Aldrei er góð vísa of oft kveðin. Bendum ykkur á nokkrar gagnlegar vefsíður.

vimulaus.is. Upplýsingavefur fyrir foreldra barna í öldudal.

samanhopurinn.is. Gagnlegar upplýsingar og greinar er viðkoma fjölskyldunni.

gufunes.is/borgyn. Vefur um allt sem er að fara að gerast í félagsmiðstöðinni.

DAGSKRÁIN Í FEBRÚAR

DAGSKRÁIN Í FEBRÚAR

2. febrúar fimmtudagur kl. 19.30. **Eftirréttakeppni í Borgyn.**
7. febrúar þriðjudagur kl. 19.30. **Miðasala á SamFestinginn og opið hús.**
9. febrúar fimmtudagur kl. 19.30. **Biðlistaskráning fyrir SamFestinginn og stelpu- og strákaviðburður.**
10. febrúar föstudagur kl. 20.00. **DRAUGAHÚS.**
13. febrúar mánudagur. **Mánudagssmiðjurnar; smiðja 1 kl. 17.00 – 19.00 og smiðja 2 kl. 20.00 – 22.00.** Auglýst nánar í skólanum og á heimasíðu.
14. febrúar þriðjudagur kl. 19.30. **Smiðjuvikusmiðja- *smiðja 3.** Auglýst nánar í skólanum og á heimasíðu.
16. febrúar fimmtudagur kl. 19.30. **Smiðjuvikusmiðja- smiðja 4 og smiðja 5.** Auglýst nánar í skólanum og á heimasíðu.
21. febrúar þriðjudagur kl. 19.30. **Förðunarkeppni** þar sem strákar farða stelpur og stelpur farða stráka.
23. febrúar fimmtudagur kl. 19.30. **Stelpu- og strákaviðburður.**
24. febrúar föstudagur. **VÖKUNÓTT....** eef unglíngarnir ná að safna sér inn 1000 stigum fyrir lok 17. febrúar. Vökunóttin hefst þá líklega upp úr kl. 21.00 og stendur til kl. 07.00 um morguninn. Fyrir þá sem aldrei hafa heyrt þetta áður að þá er skipulögð dagskrá í félagsmiðstöðinni alla nóttina en unglíngur þarf leyfi frá foreldri til að taka þátt.
28. febrúar þriðjudagur kl. 19.30. **SamFest-FUNDUR.** Þeir sem hafa fjárfest í miða á SamFestinginn VERÐA að mæta á þennan fund þar sem farið verður yfir allar reglur og fyrirkomulag hátíðarinnar. Skyldumæting.
1. mars fimmtudagur kl. 19.30. **Ísgerðameistarahátíð.**
2. mars föstudagur **SAMFESTINGURINN – BALL**
3. mars laugardagur **SAMFESTINGURINN – TÓNLEIKAR**

*Nafnið á smiðjunum er aðeins til að sýna fram á að ekki er um að ræða sömu smiðjurnar. Í vikunni 13. – 16. febrúar verða því fimm ólíkar smiðjur.